



# FLÓRGOÐINN

## FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

1 . tbl. 18. árgangur

Forsíðumyndina á Sylvía Huld nemandi í 9-PLP - Hnjúkaheimum.



## STOÐÞJÓNUSTA Í ÁSLANDSSKÓLA

### MARGSKONAR ÚRRÆÐI

Stoðþjónusta er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Stoðþjónusta getur verið ráðgjöf til kennara varðandi kennslu eða annað sem snýr að nemendum. Helstu verkefni stoðþjónustu varða þó kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og mat á stöðu nemenda.

Stoðþjónustan í Áslandsskóla nær yfir kennslu, þar með talið sérkennslu, stuðning, námsráðgjöf, sálfræðiaðstoð, greiningar og endurmat.

Sérkennarar sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, alla jafna í Snjallheimum sem er sérkennsluver skólans en stundum inni í bekk. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og vinna samhliða umsjónar-kennara við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.

Stuðningsfulltrúar vinna undir leiðsögn sérkennara, kennara og þroskaþjálfara við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna að mestu inni í bekk bæði með einstaklingum og hópum og aðstoða einnig við félagslega þáttinn í frímínútum, fylgd í íþróttir og sund og í matartíma.

Við í Áslandsskóla höfum gegnum árin aðeins haft einn þroskaþjálfara í starfi við skólann. Þroskaþjálfar eru mikilvægir, sérstaklega við félagsfærniþjálfun nemenda. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við námskrár- og áætlanagerð.

Náms- og starfsráðgjafi stendur vörð um velferð nemenda, styður við bakið á þeim og veitir ráðgjöf í málum sem snerta nám, líðan, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Náms- og starfsráðgjafi sinnir einnig ráðgjöf til kennara.

Skólasálfræðingar veita sálfræðilega ráðgjöf og stuðning til starfsfólks skólans varðandi einstaka nemendur og hópa sem og ráðgjöf til foreldra og nemenda. Jafnfram leggja þeir mat á þroska, hegðun og líðan nemenda með ýmiss konar greiningu og endurmati þegar þörf krefur.

Ýmsar upplýsingar um stoðþjónustu Áslandsskóla má finna á vef skólans, [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is). Þar er einnig að finna verkferla, starfsáætlun skólans og leiðir í nemendaverndarmálum.

Í þessum Flórgoða kynnum við þróunarverkefni sem Áslandsskóli tekur þátt í og byggir á lausnaleit í nemendamálum. Verkefnið kallast Brúin.

## BRÚIN

### BARN - RÁÐGJÖF - ÚRRÆÐI

Hafnarfjarðarbær hefur frá og með haustinu 2018 farið af stað með nýja nálgun til að efla stuðning og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins.

Markmiðið er að auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Lögð er áhersla á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum.

Samvinna fagfólks hefur verið eflað á milli fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar. Aukin þjónusta fer fram í gegnum lausnateymi leik- og grunnskólanna.

Í lausnateyminum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og/ eða sérkennslufulltrúa frá fræðslu- og frístundaþjónustu.

Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í lausnateymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Unnið er eftir þessari nýju nálgun fyrst í stað í sjö leikskólum og þremur grunnskólum og er Áslandsskóli einn þeirra.

Skólarnir taka þátt í þróun þessa nýja vinnulags sem síðar verður innleitt í alla leik- og grunnskóla bæjarins.

Þrjú starfsmenn hafa verið ráðnir til að tryggja þessu brautargengi, styðja við þróun þess og fylgja eftir mótun nýrra úrræða. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.



Höfundur myndarinnar er Krista Malen nemandi í 9-EB - Jöklaheimum.

## INFO-MENTOR FRÆÐSLA

Áslandsskóli notar samskipta- og upplýsingakerfið InfoMentor. Kerfið upplýsir nemendur og foreldra til dæmis um námsframvindu þeirra, hvar þeir eru staddir og hvað þarf til svo útkoman verði enn betri.

Á næstu misserum munu foreldrar fá tilkynningu um kynningu á sal skólans. Þar munu foreldrar fá gott tækifæri til að fræðast enn frekar um hvernig best er að fylgjast með námsframvindu hjá sínu barni.

# LAUSNATEYMI ÁSLANDSSKÓLA

## HLUTVERK OG VERKLAG

### Hlutverk:

- Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings.
- Í lausnateyminum er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barns.

### Lausnateymi:

- Skólastjórnandi skipar teymisstjóra lausnateyma.
- Áslandsskólateymið skipa:  
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri  
Unnur Elfa Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri  
Kristín Jóna Magnúsdóttir, deildarstjóri eldri nemenda  
Hjördís Jónsdóttir, deildarstjóri yngri nemenda  
Anna Birna Rögnvaldsdóttir, náms- og starfsráðgjafi  
Elín Anna Baldursdóttir, skólasálfræðingur  
Annelise Larsen-Kaasgaard, sérkennari  
Jóhanna Helga Þorsteinsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur  
Særós Rannveig Björnsdóttir, deildarstjóri tómstundamiðstöðvar  
Hulda Björk Finnsdóttir, verkefnastjóri félagsþjónustu

### Verklag:


- Kennari skilar beiðni um ráðgjöf frá lausnateymi (eyðublað B) til teymisstjóra lausnateyma.
- Fundartími lausnateymis Áslandsskóla er hvern miðvikudagsmorgun. Teymisstjóri sér um skráningu fundargerðar og áætlunar, ásamt því að bera ábyrgð á vistun gagna og upplýsinga.
- Á lausnateymisfundum er staða mála kortlögð og úrlausna leitað. Allar úrlausnir eru unnar í samráði við foreldra. Sjá nánar; Lausnateymi, ferill grunnskólar á baksíðu Flórigoðans.

Ef lausnateymi telur að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir 6-12 vikna stuðning er máli vísað til nemendaverndarráðs í samráði við foreldra.

## YTRA MAT RÁÐUNEYTIS

Ár hvert fer fjöldi skóla í landinu í gegnum ytra mat ráðuneytis á allri starfsemi. Áslandsskóli hefur frá haustdögum farið í gegnum slíkt mat og hafa niðurstöður borist. Þær verða kynntar í næsta tölublaði Flórigoðans en umbótaáætlun skólans í kjölfar ytra mats var lögð fram í fræðsluráði Hafnarfjarðar í síðustu viku.

**FERILL GRUNNSKÓLA**



19.11.2018

**Á döfinni**

FEBRÚAR & MARS



FEBRÚAR

Foreldradagur 5.2.  
Skipulagsdagur 20.2.  
Vetrarfrí 21.2.  
Vetrarfrí 22.2.  
Konudagur 24.2.

MARS

Bolludagur 4.3.  
Sprengidagur 5.3.  
Öskudagur 6.3.  
Samræmd próf 9. bekkur 13-15.3

**ÁSLANDSSKÓLI**

Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:  
LEIFUR S. GARÐARSSON  
Skólastjóri